

Bæjarlífspistill

Morgunblaðið birtir reglulega pistla fréttaritara sinna, í þætti sem nefnist Úr bæjarlífinu. Er þar reynt að bregða upp myndum úr heimabyggð og því sem fólk úti um land hefur verið og er að fást við hverju sinni. Þetta á að vera stutt og hnitmiðað. Síðasti pistill héðan var 20. janúar. Í dag er aftur komið að Siglufirði.

Í blaði dagsins segir:

- Á fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þriðjudaginn 14. ágúst 2018 var samþykkt að ráða Erlu Gunnlaugsdóttur í starf skólustjóra Grunnskóla Fjallabyggðar. Hún er fædd og uppalin á Siglufirði. Erla lauk B.Ed-prófi í grunnskólakennarafræði árið 2002 og framhaldsmenntun í sérkennslufræðum og hefur um 25 ára kennslureynslu í Grunnskóla Siglufjarðar og Grunnskóla Fjallabyggðar. Þá hefur hún sinnt stjórnunarstörfum við sömu skóla, sem deildarstjóri og verkefnisstjóri sérkennslu.
- Á sama fundi ræddi bæjarráð stöðu Múlaganga, en þau eru einbreið og 3,4 km á lengd með innskotum fyrir fjóra bíla með reglulegu millibili. Göngin sinna ekki lengur þeim umferðarþunga sem fylgir stórum hátíðum í Fjallabyggð eða Dalvíkurbyggð. Eftirfarandi bókun var gerð: „Í ljósi þeirra umferðartafa og öngþveitis sem skapaðist hjá vegfarendum í Múlagöngum á sunnudag sl. þegar gestir Fiskidagsins mikla voru að fara til síns heima hefur bæjarráð Fjallabyggðar lýst áhyggjum sínum af öryggi íbúa og gesta Fjallabyggðar þegar slíkar aðstæður skapast. Má til dæmis benda á mikilvægi þess að neyðarþjónusta í forgangsakstri svo sem lögregla og sjúkrabílar þurfa að geta komist klakklaust leiðar sinna á dögum sem þessum, þegar umferðarþungi er mikill um göngin. Lögreglan sinnti umferðarstjórnun á föstudegi og laugardegi á Fiskideginum mikla og gekk umferð um göngin vel þá daga. Engin umferðarstjórn var á sunnudeginum og

var þá mikill umferðarpungi í gegnum göngin.“ Bæjarráð Fjallabyggðar boðaði síðan lögreglustjóra á næsta fund til að ræða málin frekar.

- Árgangur 1948 kom saman á árgangsmóti á Siglufirði í sumar. Meðan á dvöl hópsins stóð var komið við á Síldarminjasafninu þar sem Guðmundur Skarphéðinsson og Hjálmar Jóhannesson afhentu fyrir hönd árgangsins að gjöf stórt útiskilti sem sýnir flest síldarplön sem þar voru. Þar segir m.a.: „Siglufjörður var ein stærsta og mikilvægasta höfn Íslands á síldarárunum 1903-1968. Þegar best lét gátu síldarafurðir numið 40% af heildarútflutningi landsins og hlutur Siglufjarðar nálægt 20%. Telja má nærri 120 fyrirtæki sem fengust við síldarsöltun á staðnum og alls níu mjöl- og lýsisverksmiðjur voru starfræktar hér. Væru bryggjurnar mældar, þ.e. allir bryggjukantar sem að sjó sneru, t.d. árið 1927, þá voru þeir um 7,3 km að lengd.“ Skiltið er unnið eftir uppdrætti Jóns J. Víðis frá 1927-1928.
- Alls heimsóttu tæplega 3.500 ferðamenn Upplýsingamiðstöðvar Fjallabyggðar frá maí til ágúst í ár. Af þeim komu 3.207 í Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði og er það lítilsháttar aukning frá síðasta ári.
- Landaður aflí á Siglufirði á tímabilinu 1. janúar til 21. ágúst 2018 er töluvert meiri en á sama tíma í fyrra. Þar komu 6.520 tonn á land í 1.457 löndunum árið 2017 en núna 10.425 tonn í 1.218 löndunum.
- Fjölskylda Orra Vigfússonar færði Síldarminjasafninu að gjöf um mánaðamótin ágúst/september stórt málverk úr eigu Orra og föður hans, Vigfúsar Friðjónssonar, síldarsaltanda. Verkið málaði þýskur listamaður upp úr 1950, eftir ljósmynd að ósk Vigfúsar. Það sýnir miklar stæður af síldartunnum sem bíða útflutnings, milli húsa á þeim slóðum sem Vigfús rak síldarsöltun sína, Íslenskan fisk, á árunum 1953-1960. Alfonshúsið, sem um tíma var heimili fjölskyldunnar, er í forgrunni til hægri og fremstir á myndinni standa þeir feðgar, Vigfús

og Orri.

- Föstudaginn 31. ágúst fékk Grunnskóli Fjallabyggðar afhentar 10 tölvur frá sjóðnum Forritarar framtíðarinnar. Þar er um að ræða samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins.
- Briddsfélag Siglufjarðar er 80 ára í ár. Það var stofnað árið 1938 og var þá eins konar deild í stúdentafélagi Siglufjarðar. Árið 1942 var stofnað formlega sjálfstætt félag með um fimmtíu manns. Fyrstu stjórn skipuðu þeir Ragnar Guðjónsson kennari, formaður, Hinrik Thorarensen læknir, ritari, og Sigurður Kristjánsson sparisjóðsstjóri, gjaldkeri.
- Sigurvin, áhugamannafélag um minningu Gústa guðsmanns, hefur látið gera bronsstyttu af hinum landsþekktu fiskimanni og kristniboða og mun hún standa á Ráðhústorgi, þar sem hann prédikaði oft. Var Ragnhildur Stefánsdóttir listamaður og myndhöggvari í Reykjavík fengin til verksins og mun hafa leyst það afar vel af hendi. Afhjúpun er fyrirhuguð í október.

Mynd og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.